

Áherslur sjávarútvegsráðherra haustið 2004.

Staða sjávarútvegs, starfsumhverfi og samkeppnishæfni hans, öryggi útflutningstekna, útrás íslenskra fyrirtækja, afnám dagakerfisins, rannsóknir og þróun í sjávarútvegi, áform um matvælastofnun, og umræða um siðareglur sjávarútvegsins eru meðal þeirra fjölmörgu þátta sjávarútvegstefnunnar sem Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra hefur fjallað um í ræðum sínum á þessu hausti. Áherslurnar eru m.a. til marks um markvisst starf til að breyta sjávarútvegsráðuneytinu úr því að vera fyrst og fremst veiðiráðuneyti í að verða ráðuneyti sjávarútvegs mála í víðum skilningi.

Staða sjávarútvegs í íslensku samfélagi.

Staða sjávarútvegs á Íslandi breytist hratt. Verkefni okkar nú er að sækja fram til nýrrar sóknar. Íslenskt efnahagslíf aðlagar sig ekki lengur sjávarútveginum með sama hætti og áður. Áhrif sjávarútvegs í íslensku þjóðfélagi hafa verið að minnka. Ekki vegna þess að umfangið hafi verið að minnka heldur vegna þess að aðrar atvinnugreinar hafa verið að sækja í sig veðrið og því er einungis um hlutfallslega minnkun að ræða. Sjávarútvegur ræður gengisskráningunni ekki lengur og ef að líkum lætur mun hann ekki gera það í framtíðinni vegna aukins umfangs annarra greina. Ferðapjónustan hefur verið á mikilli siglingu þar sem komum ferðamanna til landsins er farið að fjölga mjög hratt á ný eftir nokkurt bakslag um skeið í kjölfar voðaatburðanna sem kenndir eru við 11. september. Stóriðja hefur verið að eflast til muna og fjármálafyrirtækin eru orðin að öflugum alþjóðlegum fyrirtækjum. Þessi staðreynd sýnir okkur að það er ákveðin hætta á að sjávarútvegur muni ekki dafna til jafns á við aðrar atvinnugreinar. Því megur við alls ekki eyða kröftum okkar í deilur og sundurlyndi, slíkt þjónar aðeins hagsmunum samkeppnislanda okkar. Við verðum einfaldlega að snúa bókum saman og sækja fram. Í ljósi þess sem að framan er greint þá þurfum við að laga okkur að breyttu umhverfi...Það er hlutverk okkar sem störfum í sjávarútvegi að vera ávallt viðbúin því að gefið geti á bátinn og við verðum að vera tilbúinn að svara allri þeirri gagnrýni sem að okkur er beint, hvaðan sem hún kemur. Að sama skapi verðum við að kortleggja tækifærin og vinna að krafti og heilum hug að framgangi þessarar mikilvægu atvinnugreinar þjóðarinnar.

Úr ræðu Sjávarútvegsráðherra á almennum stjórnmálafundi í byrjun september 2004 á Höfn í Hornafirði.

Undir lok ársins gerði ráðherra m.a. að umræðuefni [viðskiptahæfni Íslands og sjávarútvegsins](#) og rakti úttekt á stöðu Íslands, og styrk og veikleika efnahagslífsins. Íslensk stjórnvöld myndu ekki elta önnur lönd í niðurgeiðslum, það væri styrkur íslensks sjávarútvegs að vera rekin á viðskiptalegum forsendum. Ráðherra kynnti nýtt verkefni um samkeppnishæfni sjávarútvegsins og sagði m.a.:

Það er von mín að verkefnið geti varpað ljósi á þau atriði sem mestu máli skipta til þess að sjávarútvegur fái ekki aðeins staðist samkeppni heldur hvað gera má til að greinin öðlist frekara samkeppnis forskot. Þá þarf líka að sýna hvernig samkeppni sjávarútvegsins birtist gagnvart öðrum greinum matvæla- og fóðuriðnaðar.

Í ræðu fyrir íslenska konsúla í byrjun desember kom fram að [sjávarútvegurinn hefði verið í fararbroddi í útrás íslenskra fyrirtækja](#), og benti ráðherra á hvar norrænu ríkin ættu samleið:

Sammen er de nordiske lande verdens største eksportør af fisk og vi har fælles interesse i, eller måske forpligtelse til, at være ledende i at bevare fiskens status på markederne. Vi må være førende i den globale debat og samarbejde om bæredygtigt fiskeri, udvikling af miljømærkninger, forskning og distribution af information om sundhedsfaktorer, og generelle indholdsoplysninger for fisk. Disse er kun nogle af de opgaver, som den øgede globalisering skaber for vores offentlige myndigheder, og er egnet til at støtte industrien som ledende magt på markederne.

[Þróun hlutabréfamarkaðarins](#) var efni ræðu ráðherra í lok nóvember. Þar andmælti hann þeim sem halda því fram að óvissa um stjórn fiskveiða, takmörkun á hámarkskvótæign og fjárfestingum útlendinga sé ástæða þess að sjávarútvegsfyrirtæki hafa verið afskráð í Kauphöllinni.

Óvissan hefur ekki verið um stefnu stjórnvalda. Breytingar á fyrirkomulagi fiskveiða frá því að það var tekið upp árið 1984 hafa almennt verið í eina átt, að festa fyrirkomulagið í sessi.



...Síðastliðið vor var svo lokaskrefið á Alþingi stigið í þá átt að gera fiskveiðistjórnunina heildstæða þar sem hún mun alfarið byggja á aflamarki og dagakerfið endanlega lagt af. Þetta gerir veiðistjórnunina ekki bara markvissari heldur verður miklu meiri samhljómur hjá öllum þeim sem starfa í greininni. ..Kvótapakíð er einn liðurinn í því að ná sátt um lögum um stjórn fiskveiða við þjóðina. Takmörkunin sem slík kemur þó ekki í veg fyrir ýmskonar aðra hagræðingu sem ekki er háð kvótæigninni. ...Fjárfestingarmöguleikar í íslenskum sjávarútvegi eru umtalsverðir þrátt fyrir að það mætti ætla af umræðunni að dæma að þeir væru nánast engir. Eignarhlutur erlendra aðila getur farið allt upp í 49,9 prósent í gegnum hluteldarfélag.

Á haustmánuðum sagði ráðherra m.a. frá [endurskoðun laga um fiskmarkaði](#), og skipun þriggja nefnda; [nefnd um endurskoðun á reglum um vigtun sjávaraflla](#), [nefnd sem á að skoða starfsumhverfi sjávarútvegsins](#) og [nefnd sem á að skoða forsendur fyrir friðun viðkvæmra hafsvæða](#).

Á sjómannasambandsþingi í nóvember ræddi ráðherra m.a. verkefni sem snýr að [umhverfisáhrifum fiskveiða](#)

Verkefnið snýst um að gera tilraun til að finna út hver séu umhverfisáhrif þorsveiða, allt frá miðum til maga, með því að nota staðlaðar aðferðir sem unnið er með við mat á umhverfisáhrifum á ýmissi atvinnustarfsemi óskyldri sjávarútvegi.

Niðurstöðurnar þurfa kannski ekki að koma á óvart en þær eru í grundvallaratriðum að olían hafi mest áhrif á umhverfið. Þetta er fyrsta rannsókn þessarar tegundar sem gerð er á umhverfisáhrifum íslensks sjávarútvegs en aðferðirnar þarf að aðlaga sérstaklega að sjávarútvegi.... Á okkur hvílir sú skylda að hafa frumkvæði vegna þess að annars getum við átt á hættu að umræðan og mat á umhverfisáhrifum verði leidd og aðferðir þróaðar, af öfgafullum umhverfissamtökum með fordóma í garð sjávarútvegsins. Slíkt gæti haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir íslenskan sjávarútveg og þjóðarhag.

Undir lok nóvember var sjávarútvegsráðherra á Akureyri og ræddi breytingar á starfsemi Rf en stofnunin er að draga sig út úr þjónusturannsóknum sem eru í samkeppni við einkaaðila. Hann gerði þar einnig að umtalsefni [niðurstöðu starfshóps um matvælarannsóknir](#):

Tillaga starfshóps forsætisráðherra lýtur að því að komið verði á fót Matvælarannsóknastofnun Íslands og að verksvið hennar nái yfir rannsóknir, þróun, framleiðslu og meðferð matvæla frá hráefni til neytendavöru óháð uppruna. Stofnunin yrði því rannsókn og þjónustustofnun fyrir sjávarútveg, landbúnað og annan matvælaíðnað. Starfshópurinn leggur til að; " *málefni stofnunarinnar heyr[i] undir sjávarútvegsráðuneytið enda tengist það stærstu grein matvælaíðnaðar á Íslandi og þar eru hagsmunir mestir*" svo vitnað sé beint í skýrslu starfshópsins. Ég er ánægður með að starfshópurinn skuli hafa komist að þessari niðurstöðu. Samræming og sameining rannsókna í eina stofnun mun skila hagræðingu í rekstri, betri rannsóknum og betri þjónustu við matvælaíðnað í landinu.

[Öryggi útflutningstekna](#) er eitt af því sem ráðherrann hefur lagt áherslu á. Nýjar kröfur eða umræður um að efnainnihald fisks frá Íslandi væri skadlegt telur hann eina líklegustu orsök þess að ekki væri hægt að selja íslenskar sjávarafurðir. [Niðurstöður mælinga](#) sem liggja fyrir sýna að mengunarefni í íslensku sjávarfangi eru í langflestum tilvikum langt undir mörkum. Nýjar upplýsingar þurfa liggja fyrir á hverjum tíma og er gert ráð fyrir 30 milljónum verði varið í það verkefni á næsta ári. Samtök fiskvinnslu á útgerðar fengu ráðherra á aðalfund sinn í byrjun nóvember þar sem hann ræddi við þá m.a. um [kröfur stórfyrirtækja sem geta verið meiri eða aðrar en opinberar kröfur](#);

Það felast tækifæri í því fyrir okkur að stórfyrirtæki eins og Carrefour, McDonalds og Unilever séu farin að taka það upp hjá sjálfum sér að gera kröfur um að fiskur sem þau kaupa sé veiddur úr stofnum sem nýttir eru með sjálfbærum hætti. Nú þegar hefur starfsfólk sjávarútvegsráðuneytisins þurft að gefa skýringar á því hvers vegna við veidum umfram það aflamark sem er ákveðið í upphafi hvers fiskveiðiárs. Fyrirtæki gera einnig ríka kröfu um öryggi matvæla. Af þessu má sjá hvernig þessir þættir spila allir saman og tengjast markaðsfærslu sjávarafurða með beinum hætti.

Á aðalfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna í októberlok fjallaði ráðherra m.a. um [kvótakerfisumræðuna hér á landi](#) og sagði m.a.

Nú þegar búið er að leggja af sóknarkerfi sem hluta af íslenska fiskveiðistjórnunarkerfinu er fróðlegt að velta fyrir sér hvernig umræðu sem bæði þessi kerfi hefur verið. Ég minnst þess ekki að umræða um dagakerfi hafi nokkurn tíma verið af svipuðum toga og umræða um aflamarkskerfi. Aður en við tókum upp aflamarkskerfið var úthlutað dögum til veiða, en umræðan snérist aldrei um að ríkið væri að gefa nokkurn skapaðan hlut. Fljótlega eftir að dögum var breytt í tonn af fiski fór þessi umræða af stað. Í báðum tilfellum er þó um sömu grundvallaratriði að ræða þar sem verið er að veita þeim aðilum sem nýtt hafa auðlindina rétt til þess að gera það áfram með takmörkunum. Það var alveg greinilegt að dagar fengu verðmiða rétt eins og hlutdeild og því enginn munur á þessu tvennu og í dagakerfinu sáluga fengu menn milljónir fyrir það eitt að hafa dagaleyfi á bát sem nánast var einskis virði. Hvers vegna hefur umræða um sóknarkerfið og aflamarkskerfið þróast með ólíkum hætti? Af hverju telur þjóðin að hún eigi rétt gagnvart útgerð sem stundar veiðar í aflamarkskerfi en ekki í sóknarmarkskerfi? Það skýldi þó ekki vera fyrir þær sakir að aflamarkskerfið hefur sýnt að það bætir afkomu útgerðarinnar en sóknarmarkskerfið ekki. Því hefur velgengi kerfisins að mörgu leyti unnið gegn því. Bætt afkoma útgerðarinnar hefur skapað jarðvegin fyrir þá umræðu sem verið hefur undanfarið ár um að þjóðin eigi að fá beinan hlut í arðinum af auðlindinni. Það hefur hún nú fengið með upptöku veiðigjaldsins. Ég bind því miklar vonir við að heildstætt kerfi og upptaka veiðigjaldsins geti skapað frið um sjávarútvegs málin.

Nýjungar í vinnslu og nýtingu sjávarafurða eru styrktar úr sjóði sem kenndur er við aukið virði sjávarafurða. [Ráðherra var útdrætt um AVS sjóðinn](#) enda er hann einn af burðarásum breyttra áherslna ráðuneytisins. Úthlutað var úr sjóðnum í fyrsta sinn á síðasta ári samtals 74 milljónum króna. Í ár hefur sjóðurinn úr 120 m.kr. að spila og svo 200 m.kr. á næsta ári skv. fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarpi. Verkefni sjóðsins er af ýmsu toga en þau eru flokkuð í fiskeldi, líftækni, vinnslu og gæði, og markaðsmál. [Eldismál voru efniráðstefnu](#) sem haldin var seint í október. Talið er hugsanlegt að hlutur fiskeldis geti vaxið úr einum milljarði 2001 í 36 milljarða 2012. Ráðherra rakti stefnumótun í eldismálum sem unnin hefur verið og velti fyrir sér hvernig eldið gæti þróast.

Eldi nýrra tegunda þarf ekki endilega að þróast með sama hætti og laxeldið hefur gert þar sem áherslan er á magnframleiðslu.

Þó nú sé horft til þess af mörgum að þorskeldi þróist á þann veg gæti það hæglega tekið lagt drjúgan skerf til verðmætaaukningar þó mál þróist á annan veg. Benda má í því sambandi á að hér á landi hefur nánast mikill árangur í eldi á bleikju en styrkur hennar liggur meðal annars í því að hún er framleidd í litlu magni og því fæst gott verð fyrir hana inn á sérhæfða markaði. Þannig má hugsa sér að tækifæri okkar liggja í því að einblína ekki um of á magnframleiðslu heldur framleiða fleiri tegundir og leita sérhæfðra markaða þar sem hátt verð fæst fyrir fiskinn.

Á fundi landssambands smábátæigenda um miðjan október gerði ráðherra að umtalsefni nýútkomna breska bók um áhrif ofveiði á heimsmyndina. Gagnrýni höfundar hennar um að [sóknarkerfi smábáta dragi úr trúverðugleika íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins](#) varð honum tilefni til að rekja aðdraganda þess að dagakerfið var nýlega lagt niður. Á fundi samtaka fiskvinnslustöðva skömmu áður fjallaði hann m.a. um vinnu að [siðareglum fyrir íslenskan sjávarútveg](#) sem byggðar eru á siðareglur FAO um ábyrgð í fiskimálum. Mikilvægt væri að íslenskur sjávarútvegur komi sér saman um slíkar reglur.

Þannig getur greinin sjálf skapað sér sýn á þá fjölmörgu mikilvægu þætti sem siðareglunum er ætlað að ná til og eru í vaxandi mæli til umræðu innan sjávarútvegsins um allan heim. Siðareglur íslensks sjávarútvegs, sem atvinnugreinin í heild sinni sameinast um, styrkja málefnalega stöðu Íslands á vettvangi málefna hafsins. Þær tryggja enn frekar ábyrga umgengni um auðlindir hafsins og munu þannig enn frekar efla íslenskan sjávarútveg.

Í september fór sjávarútvegsráðherra fyrir viðskiptasendinefnum til Bandaríkjanna og Rússlands. Í báðum ferðum ræddi hann alþjóðavæðinguna, útrás íslenskra fyrirtækja og breytingar í sjávarútvegi. Í Rússlandi fjallaði hann einnig m.a. um [sveiflur í viðskiptum Rússa og Íslendinga](#) og hvar ríkin geta unnið saman.

Despite the fact that this trade decreased for a time, it has begun to grow again in recent years, not least in the area of fisheries, as both countries are among the world's leading fishing nations. This is a very welcome development and it is important that we do our best to encourage it.... Working together increases our strength and ability to act. Such co-operation must include all aspects of fisheries, beginning with efforts to achieve rational exploitation of marine fish stocks, guided by profitability and sustainable utilisation. We also have to monitor market developments...And in addition, we must take the initiative in developing and utilising new fisheries technologies.

Í ræðu sjávarútvegsráðherra á Höfn í Hornafirði í byrjun september, sem vitnað er til á fyrri síðu þessa fréttabréfs, má segja að sleginn hafi verið tónninn fyrir fjölbreytta umræðu haustsins 2004.

Verkefni framundan eru næg og lykillinn að því að ná meiru út úr sjávarútveginum er að bæta innviði hans og aðstæður, auka verðmæti þess afla sem að landi berst, efla markaðssókn og útrás atvinnugreinarinnar og er þá fátt eitt talið.

